

Umhverfisyfirlýsing byggingarefna



GRÆNNI
BYGGÐ
GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND

Hvað er umhverfisyfirlýsing vöru (EPD)?

Umhverfisyfirlýsing vöru er íslenska þýðingin á „Environmental Product Declaration“, eða EPD.

Umhverfisyfirlýsing vöru er skjal sem gefur sannreyndar upplýsingar um umhverfisáhrif vörunnar yfir vistferil eða líftíma hennar. Að baki umhverfisyfirlýsingar liggur vistferilsgreining (e. Life Cycle Assessment, LCA). Umhverfisyfirlýsingar fyrir vörur eru útbúnar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (ISO 14025/ EN 15804) og taka einnig mið af vöruflokkaleiðbeiningum (e. Product Category Rules, PCR) hjá útgefendum. Umhverfisyfirlýsing felur ekki endilega í sér að varan sé umhverfisvænni en aðrar vörur, heldur er um að ræða staðlaðar og áreiðanlegar upplýsingar um umhverfiseiginleika vörunnar sem gerir notandanum kleift að gera samanburð milli sambærilegra vara. Allar umhverfisyfirlýsingar fyrir vörur eru viðurkenndar af þriðja aðila og gilda í 5 ár.

Umhverfisyfirlýsingar innihalda upplýsingar um framleiðenda, tæknilega lýsingu á eiginleikum og efnislegri samsetningu vörunnar og staðlaðar upplýsingar um umhverfisáhrif og notkun auðlinda. Í mörgum umhverfisyfirlýsingum fyrir vörur eru einnig aðgengilegar upplýsingar um hvernig best er að nota vöruna, viðhalda henni og endurvinna.

EPD “Nutrition” Label

Your Building Product

Amount per Unit

LCA IMPACT MEASURES	TOTAL
Primary Energy (MJ)	12.
Global Warming Potential (kg CO ₂ eq)	0.96
Ozone Depletion (kg CFC 11 eq)	1.80E-08
Acidification Potential (md H ⁺ eq)	0.93
Eutrophication Potential (kg N ⁺ eq)	6.43E-04
Photo-Oxidant Creation Potential (kg O ₃ eq)	0.121

Your Product's Ingredients: Listed Here

Umhverfisyfirlýsingu fyrir vöru má að einhverju leyti líkja við innihaldslýsingu á matvöru, en í stað upplýsinga um næringargildi má þar finna upplýsingar um umhverfisáhrif vörunnar.

Af hverju ættu hönnuðir og byggingaraðilar að biðja um umhverfisýfirlýsingu vöru?

- Til að hafa undir höndum áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar um eiginleika vörunnar og umhverfisáhrif hennar.
- Til þess að geta metið og borið saman umhverfisáhrif. mismunandi byggingarefna sem nýta mætti í bygginguna.
- Til að geta valið vörur með minnstu umhverfisáhrifin.
- Til að draga úr umhverfisáhrifum byggingarinnar bæði til skemmri tíma og yfir vistferil hennar.
- Til að meta kolefnisspor byggingarefna og/eða byggingar.
- Til að auka og viðhalda virði byggingarinnar.
- Til að auka heilsu og vellíðan notenda byggingarinnar.
- Til þess að geta mætt kröfum frá alþjóðlega viðurkenndum vottunarkerfum fyrir byggingar, ss. BREEAM o.fl.
- Til að mæta kröfum um vistvæn innkaup.
- Til að hvetja framleiðendur til að gera grein fyrir umhverfisáhrifum eigin vara og hvetja til ábyrgrar umhverfisstjórnunar.

Hvar má finna umhverfisyfirlýsingar fyrir vörur?

Allar umhverfisyfirlýsingar eru skráðar í gagnabanka hjá útgefendum yfirlýsinga. Á Íslandi má finna yfirlit yfir íslenskar umhverfisyfirlýsingar á heimasíðu Grænni byggðar, graennibyggd.is/epd-umhverfisyfirlýsing-voeru

Framleiðendur byggingarefna eru einnig yfirlétt með slík gögn á heimasíðum sínum, hafi þeir látið útbúa umhverfisyfirlýsingar. Stærstu útgefendur umhverfisyfirlýsinga á Norðurlöndunum eru annars vegar The International EPD System í Svíþjóð og hins vegar EPD Norge. Vert er að kanna reglulega framboð af umhverfisyfirlýsingum því sífellt bætast við nýjar yfirlýsingar auk þess sem eldri uppfærast eða úreldast.

Heimasíður nokkurra útgefenda umhverfisyfirlýsinga í Evrópu

environdec.com/
epd-norge.no/
ibu-epd.com/en/published-epds/
epd.rts.fi/en
inies.fr/

Af hverju ætti framleiðandi byggingarefna að láta útbúa umhverfisyfirlýsingu fyrir sína vöru?

- Til að gefa upp áreiðanlegar og staðlaðar upplýsingar um umhverfisáhrif vörunnar.
- Til þess að geta greint hvar í vistferlinum (hráefnaöflun, framleiðslu, flutningum, dreifingu, notkun og förgun) mestu umhverfisáhrifin verða og leita leiða til umbóta ef hægt er.
- Til að setja sér mælanleg markmið í rekstri út frá þeim upplýsingum sem fram koma í vistferilsgreiningunni.
- Til að mæta kröfum í vottunarkerfum fyrir byggingar, þar sem gefin eru stig fyrir að velja vörur með umhverfisyfirlýsingar.
- Til að mæta kröfum í útboðum aðila sem stunda vistvæn innkaup.
- Til að bæta stöðu sína gagnvart samkeppnisaðilum.

Hvernig verður umhverfisýfirlýsing vöru til?



Steinull hf. er fyrsti íslenski bygginga-vöruframleiðandinn sem hefur látið útbúa umhverfisýfirlýsingu fyrir sínar vörur. Geta byggingaraðilar nú fengið stig í vistvottunarkerfum með því að nota þessar vörur frá Steinull hf.

- Finna þarf viðeigandi vöruflokkareglur (PCR) fyrir tiltekna vöru- tegund.
- Framkvæma þarf vistferilsgreiningu (LCA) fyrir vöruna, þar sem stöðlum og vöruflokkaleiðbeiningum er fylgt.
- Hafa þarf samband við útgáfuaðila umhverfisýfirlýsinga (EPD) og fylgja leiðbeiningum hans varðandi sniðmát, upplýsingagjöf og vottun þriðja aðila.



Norræni vegvísirinn um sjálfbærni byggingarefna

Í Norræna vegvísinum um sjálfbærni byggingarefna er búið að draga fram fjóra lykilþætti til að meta umhverfisáhrif byggingarefna:

- Kolefnisspor (losun gróðurhúsalofttegundum)
- Notkun auðlinda
- Varasöm efni
- Uppgufun efnis/áhrif á inniloft

Flestar umhverfisyfirlýsingar fyrir vörur gefa upplýsingar um fjölmarga fleiri vísa. Þessir fjórir eru taldir þeir mikilvægustu.

Nánari upplýsingar um val á byggingarefnum út frá umhverfiseiginleikum þeirra má finna í skýrslunni „Nordic Guide to Sustainable Materials“ sem var samstarfsverkefni Samtaka um grænni byggð (Green Building Council) í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi.



Bæklingurinn er unnin af Grænni byggð og EFLU verkfræðistofu í tengslum við rannsóknarverkefnið Nordic Guide to Sustainable Materials og rannsóknarverkefni um vistvottunarkerfi fyrir byggingar styrkt af Mannvirkjastofnun 2019.